

08.422



KVENNALISTINN í REYKJAVÍK - NAFNNR. 5977-3496

FRÉTTATILKYNNING FRÁ KVENNALISTANUM.

Eins og kunnugt er býður Kvennalistinn í Reykjavík fram til borgarstjórnar í komandi kosningum. Undirbúningur er kominn vel á veg og unnið að uppstillingu á kvennalistann og móturn stefnuskrár. Öllum Kvenna-lista- og Kvennaframboðskonum var gefið tækifæri til að hafa áhrif á framboðslistann með því að tilnefna 5 - 10 konur. Nú um helgina fer fram skoðanakönnun á Hótel Vík varðandi uppröðun á kvennalistann. Uppstillinganeftnd, skipuð 5 konum, mun taka mið af niðurstöðum könnunarinnar við endanlega uppröðun. Tillögur uppstillinganeftndar verða síðan lagðar fyrir félagsfund 20. mars n.k.

Opin ráðstefna verður 15. mars á Hótel Vík þar sem lögð verða drög að stefnuskrá fyrir sveitastjórnakosningar.

Í tilefni að 3. ára afmæli Kvennalistans verður haldið kaffibóð kl. 17 þennan umrædda laugardag í kvennahúsinu á Hótel Vík.

Kvennalistinn.